

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 13

við Stjórnartíðindi EB

1. árgangur

9.6.1994

## I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

94/EES/13/01 Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA um aðferð við beitingu c-liðar  
3. mgr. 61. gr. EES-samningsins við byggðaaðstoð .....01

94/EES/13/02 Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins  
og 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og  
dómstólinn - Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum .....02

### 3. EFTA-dómstólinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

94/EES/13/03 Auglýsing um skipulagningu á opnum hæfnisprófum .....03

### 2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/13/04 Auglýsing birt samkvæmt 3. mgr. 26. gr. reglugerðar ráðsins  
(EBE) nr. 1017/68 varðandi samninga um farþegaflutninga á  
járnbrautum í gegnum Ermasundsgöngin  
(Mál IV/34.600 - Næturbjónusta) .....04

94/EES/13/05	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 (Mál nr. IV/34.891 - Fujitsu AMD Semiconductor) .....04
94/EES/13/06	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.442 - Elf Atochem/Rütgers) .....05
94/EES/13/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.403 - AGF/La Union y el Fenix) .....05
94/EES/13/08	Ríkisaðstoð - C 5/94 (N 24/94) - Þýskaland .....06
94/EES/13/09	Ríkisaðstoð - C 12/94 (NN 11/94) - Ítalía .....06
94/EES/13/10	Ríkisaðstoð - C 13/94 (NN 13/94) - Ítalía .....07
94/EES/13/11	Ríkisaðstoð - C 23/94 (N 258/94) - Frakkland .....07
94/EES/13/12	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans - Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum .....08
94/EES/13/13	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 16.5. til 20.5.1994 .....09
94/EES/13/14	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 24.5. til 27.5.1994.....10
94/EES/13/15	Gengisskráning í samræmi við beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2615/79 .....11
94/EES/13/16	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.418 Tractebel/Distrigaz) .....12
94/EES/13/17	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.466 Tractebel/Synatom) .....13

**3. Dómstóllinn**

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

### Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA um aðferð við beitingu c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins við byggðaaðstoð

94/EES/13/01

#### Lágmarksviðmið fyrir beitingu c-liðar 3. mgr. 61. gr. við byggðaaðstoð

Eftirlitsstofnun EFTA hefur lýst aðferð við beitingu c-liðar 3. mgr. 61. gr.

EES-samningsins við byggðaaðstoð í „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“ sem eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og gaf út 19. janúar 1994. Í þessari aðferð eru lágmarksvísitölur notaðar til að meta félagslega og efnahagslega stöðu byggðarinnar. Lágmarksvísitölurnar skulu uppfærðar árlega svo þær gefi rétta mynd af breytingum á stöðu EFTA-ríkis að því er varðar tekjur og kerfislægt atvinnuleysi samanborið við EES-meðaltal. Eftirlitsstofnun EFTA ákvað 4. maí 1994 að nota eftirfarandi vísitölur:

#### Lágmarksviðmið sem eftirlitsstofnun EFTA skal styðjast við

EFTA-ríki	VLF/VPV á mann	Kerfislægt atvinnuleysi
Austurríki	79	145
Finland	74	135
Ísland	73	145
Noregur	75	145
Svíþjóð	71	145

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr.  
EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um  
eftirlitsstofnunina og dómstólinn**

**94/EES/13/02**

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

Ákvörðunin var samþykkt þann:	4.5.1994
EFTA-ríki:	Austurríki
Aðstoð nr.:	94-002
Titill:	Lög um efnahagslega eflingu (Burgenland)
Markmið:	<ul style="list-style-type: none"><li>- nýjungar og tækni</li><li>- rannsóknir og þróun</li><li>- umhverfi og vistfræði</li><li>- alþjóðavæðing</li><li>- bætt efnahagsuppbygging lítilla og meðalstórra fyrirtækja</li><li>- grunngerð</li><li>- ferðamál</li></ul>
Lagalegur grunnur:	(Gesetz vom ... über Massnahmen zur Gewährleistung der wirtschaftlichen Entwicklung im Burgenland (Landes-Wirtschaftsförderungsgesetz 1994 - WiföG) mit dem gleichzeitig das Tourismusgesetz geändert wird)
Fjárveiting:	ATS 100 milljónir (1994)
Styrkleiki aðstoðar:	fastsett í leiðbeiningum og háð aðskildu mati
Gildistími:	óákveðinn
Skilyrði:	einfölduð ársskýrsla

# EES-STOFNANIR

## EES-RÁÐIÐ

### Auglýsing um skipulagningu á opnum hæfnisprófum

**94/EES/13/03**

Aðalskrifstofa ráðsins skipuleggur eftirtalið opið hæfnispróf:

**Ráðið/A/357:** stjórnendur sem hafa finnsku, norsku og sænsku að móðurmáli

Auglýsingin um hæfnisprófið (á sænsku, norsku og finnsku) og umsóknareyðublöð eru fáanleg hjá ráðningardeild aðalskrifstofu ráðsins: Recruitment Department of the General Secretariat of the Council, 170 rue de la Loi, 1048 Bussels, Belgium.

Lokafrestur til að skila inn umsóknum rennur út 11. júlí 1994.

EB-STOFNANIR  
FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Auglýsing birt samkvæmt 3. mgr. 26. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68<sup>(1)</sup> varðandi samninga um farþegaflutninga á járnbrautum í gegnum Ermasundsgöngin.**

94/EES/13/04

**(Mál IV/34.600 - Næturþjónusta)**

Í máli IV/34.600 - Næturþjónusta hefur auglýsing með útdrætti úr samningum sem framkvæmdastjórnin áformar að veita undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EBE-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, verið birt í Stjtið. EB nr. C 153, 4.6.1994, samkvæmt 3. mgr. 26. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68. Samningarnir varða farþegaflutninga á járnbrautum í gegnum Ermasundsgöngin.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri, innan 30 daga frá því að auglýsingin birtist í Stjtið. EB og tilgreina tilvísun IV/34.600 - Night Services, við:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV/D/3)  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels.

**Auglýsing samkvæmt  
3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62**

94/EES/13/05

**(Mál nr. IV/34.891 - Fujitsu AMD Semiconductor)**

Í máli nr. IV/34.891 - Fujitsu AMD Semiconductor hefur framkvæmdastjórnin í hyggju að taka jákvæða afstöðu samkvæmt samkeppnisreglum EB-sáttmálans og EES-samningsins. Hún hefur birt útdrátt úr viðeigandi tilkynningu í Stjtið. EB nr. C 153, 4.6.1994 samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 17/62. Málið tekur til samnings um sameiginlegt verkefni milli Fujitsu Limited og Advanced Micro Devices varðandi framleiðslu á hálfleiðaraflögum tiltekinna gerða af fastheldnu minni og fimm tengdra samninga, þ.e. tæknisamning um gagnkvæm leyfi, sameiginlegan þróunarsamning, samning um sameiginlegt verkefni og gagnkvæma fjárfestingasamninga.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri, innan eins mánaðar frá því að auglýsingin birtist í Stjtið. EB og tilgreina tilvísun „IV/34.891 - Fujitsu AMD Semiconductor“, við:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition  
Directorate for Restrictive Practices, Abuse of  
Dominant Positions and other Distortions of Competition - I  
rue de la Loi 200  
B- 1049 Brussels.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 175, 23.7.1968, bls. 1.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram****94/EES/13/06****(Mál nr. IV/M.442 - Elf Atochem/Rütgers)**

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

1. Framkvæmdastjórninni barst 27.5.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Elf Atochem sem tilheyrir samstæðunni Elf Aquitaine og Rütgers Vft S.A. sem tilheyrir samstæðunni Ruhrkohle AG öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir sameiginlegu nýstofnuðu fyrirtæki sem sameinar alla starfsemi Elf Atochem er tekur til tjöru og aukaafurða hennar.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Elf Atochem: klór, fjölliður, háþrúð kemísk efni, kemísk efni úr jarðgasi og kemísk sérefni.
  - Rütgers: framleiðsla, markaðssetning og sala á tjöru og aukaafurðum hennar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtfð. EB (Stjtfð. EB nr. C 153, 4.6.1994). Unnt er að senda athugasemdirnar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32/2/296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M. 442 - Elf Aquitaine/Rütgers, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
 Directorate General for Competition (DG IV)  
 Merger Task Force  
 Avenue de Cortenberg 150  
 B-1049 Brussels.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu****94/EES/13/07****(Mál nr. IV/M.403 - AGF/La Union y el Fenix)**

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

Framkvæmdastjórnin ákvað 25.4.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmndist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
 Directorate General for Competition (DG IV)  
 Merger Task Force  
 Avenue de Cortenberg 150  
 B-1049 Brussels.

<sup>(1)</sup> Stjtfð. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtfð. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

**Ríkisaðstoð**  
**C 5/94 (N 24/94)**  
**Þýskaland**

94/EES/13/08

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans að því er varðar aðstoð sem Þýskaland hefur í hyggju að veita Gebrüder Welger GmbH & Co. KG (sjá nánari útlíðun í Stjtið. EB nr. 150, 1.6.1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar við:

Commission of the European Communities  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels.

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

**Ríkisaðstoð**  
**C 12/94 (NN 11/94)**  
**Ítalía**

94/EES/13/09

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans að því er varðar aðstoð sem Ítalía hefur ákveðið að veita ENICHEM S.p.A. (sjá nánari útlíðun í Stjtið. EB nr. 151, 2.6.1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri innan 30 daga frá birtingu þessarar auglýsingar við:

Commission of the European Communities  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels.

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.



**Ríkisaðstoð**  
**C 13/94 (NN 13/94)**  
**Ítalía**

**94/EES/13/10**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans að því er varðar aðstoð sem Ítalía hefur ákveðið að veita ENICHEM AGRICOLTURA S.p.A. (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. 151, 2.6.1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri innan 30 daga frá birtingu þessarar auglýsingar við:

Commission of the European Communities  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels.

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

**Ríkisaðstoð**  
**C 23/94 (N 258/94)**  
**Frakkland**

**94/EES/13/11**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans að því er varðar tilkynnta eiginfjárukningu Air France (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. 152, 3.6.1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar við:

Commission of the European Communities  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels.

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Frakkland.

**Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr.****94/EES/13/12****EB-sáttmálans****Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum**

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Breska konungsríkið lagði til vegna 29 tilraunaverkefna til að efla þjálfun og skapa störf í litlum og meðalstórum fyrirtækjum (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 153, 4.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun um endurbætur í þorpum í Bæjaralandi í Þýskalandi þar sem staðaryfirvöldum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum í Bæjaralandi er boðin aðstoð í formi fjárfestinga (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 153, 4.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað nýju fjárhagsáætlunina sem Ítalía lagði til vegna aðstoðaráætlunar á sviði ferðamála (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 153, 4.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað hollensku lánsábyrgðaráætlunina fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 153, 4.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til í því skyni að efla verkunnáttu á sviði dvergrása- og sjónrásatækni (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 153, 4.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun vegna rannsóknarbæja og skemmtigarða sem komið hefur verið á fót í Danmörku þar sem boðinn er styrkur til að koma á fót og stækka rannsóknarbæi og selja eða leigja land á hagstæðum kjörum til að byggja upp skemmtigarða þar sem rík áhersla er lögð á menningu. Enn fremur er í áætluninni boðinn styrkur til lítilla og og meðalstórra fyrirtækja vegna utanaðkomandi ráðgjafar (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 153, 4.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Land Hessen í Þýskalandi lagði til í því skyni að koma á aðstoð til að hefja viðskipti (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 153, 4.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til í því skyni að styrkja markaðinn fyrir tækni í tengslum við endurnýjanlegar lindir, úrbætur á sviði orku-vistfræði og loftslagsverndun (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 153, 4.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðarþættina í breytingunum á umhverfisskattalöggjöfinni í Hollandi (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 153, 4.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað nýju fjárhagsáætlunina sem Portúgal lagði til vegna aðstoðaráætlunar til að fjárfesta í ferðamálum (SIFIT III) (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 153, 4.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Belgía lagði til varðandi undanþágu frá framlagi til almannatrygginga að því er varðar störf ungs fólks sem er í atvinnuleit (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 153, 4.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað tvær tímabundnar aðstoðaráætlanir fyrir fyrirtæki í Hollandi sem urðu illa úti vegna skemmda af völdum flóða (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 153, 4.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Frakkland lagði til vegna ráðstafana varðandi breytingar á kolanámusvæðum (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 153, 4.6.1994).

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem  
framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 16.5. til 20.5.1994**

94/EES/13/13

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningar-númer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM(94) 145	CB-CO-94-179-EN-C <sup>(1)</sup>	Í þágu einstaklingsboðskipta-umhverfis: grænbók um sam eiginlega nálgun á sviði farsíma-boðskipta og einstaklingsboðskipta í Evrópusambandinu	27.4.1994	16.5.1994	223
COM(94) 192	CB-CO-94-205-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á upplýsingakerfi innan bandalagsins um slys í heimahúsum og frístundum	11.5.1994	16.5.1994	13
COM(94) 177	CB-CO-94-190-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um undirritun bókunar við samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa frá 1979, af hálfu Evrópubandalagsins, um að draga enn frekar úr losun brennisteins	17.5.1994	17.5.1994	37
COM(94) 180	CB-CO-94-192-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á aðgerðaráætluninni „Socrates“ innan bandalagsins	16.5.1994	17.5.1994	50
COM(94) 186	CB-CO-94-135-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að samþykkja áætlunina „Æska í Evrópu III“ sem stuðlar að þróun ungmennaskipta og æskulýðsstarfs innan bandalagsins - Áætlunin „Æska í Evrópu“	16.5.1994	17.5.1994	36

<sup>(1)</sup> „EN“ vísar til enska COM-skjalsins

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin  
sendi ráðinu á tímabilinu 24.5. til 27.5.1994

94/EES/13/14

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningar-númer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu-fjöldi
COM(94) 182	CB-CO-94-194-EN-C <sup>(1)</sup>	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2930/86 um skilgreiningu á eiginleikum fiskiskipa	20.5.1994	24.5.1994	9
COM(94) 154	CB-CO-94-165-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar, samkvæmt d-lið 2. mgr. 189 gr. b í EB-sáttmálanum, á breytingum Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um eftirlit með mengun af völdum rokkgjarna lífrænna efna (Volatile Organic Compound-VOC) sem stafar af geymslu bensins og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensinstöðva (svo nefnd „I. stigs“ tilskipun) til breytingar á tillögu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 189. gr. a í EB-sáttmálanum	25.5.1994	25.5.1994	8
COM(94) 215	CB-CO-94-225-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun ráðsins um að gera aðgerðaráætlun til að koma Leonardo da Vinci-stefnu Evrópubandalagsins um starfsþjálfun til framkvæmda	25.5.1994	25.5.1994	19
COM(94) 167	CB-CO-94-104-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um þöknun sem ber að greiða evrópsku lyfjamatsstofnuninni	27.5.1994	27.5.1994	30
COM(94) 185	CB-CO-94-217-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á framkvæmd og árangri rammaáætlunar bandalagsins um rannsóknir og tækniþróun (RTD) „Kerfi til fjargagnaflutninga á almennum hagsmunasvæðum“ (1991-1994) (Í samræmi við 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar ráðsins 91/353/EBE frá 7. júní 1991)	26.5.1994	27.5.1994	23
COM(94) 195	CB-CO-94-210-EN-C	Fyrsta skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um tölfræðilegar upplýsingar um fjölda dýra sem eru notuð í tilraunaskyni og öðrum vísindalegum tilgangi	27.5.1994	27.5.1994	61
COM(94) 201	CB-CO-94-216-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins um framleiðslu og markaðssetningu á humli (uppskeru ársins 1993)  Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) þar sem kveðið er á um, að því er humal varðar, fjárhæð aðstoðar við framleiðendur vegna uppskeru ársins 1993	27.5.1994	27.5.1994	33
COM(94) 204	CB-CO-94-221-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameigin-	27.5.1994	27.5.1994	17

legri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um umbúðir og umbúðaúrgang til breytingar á tillögu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 189. gr. a í EB-sáttmálanum

**FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGSINS UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI  
FARANDLAUNÞEGA**

**Gengisskráning í samræmi við beitingu reglugerðar ráðsins 94/EES/13/15  
(EBE) nr. 2615/79**

1., 2., 3. og 4. mgr. 107. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72

Viðmiðunartímabil: apríl 1994

Gildistími: júlí, ágúst og september 1994

	Brussel (BEF)	Kaupmannahöfn (DKK)	Frankfurt (DEM)	Aþena (GRD)	Madrid (ESP)	París (FRF)	Dublin (IEP)	Mílan/Róm (ITL)
100 BEF	100	19,0449	4,85705	712,272	394,985	16,6388	1,99026	4 648,08
100 DKK	525,074	100	25,5031	3 739,95	2 073,96	87,3661	10,4503	24 405,8
100 DEM	2 058,86	392,109	100	14 664,7	8 132,20	342,571	40,9767	95 697,6
100 GRD	14,0396	2,67383	0,681909	100	55,4542	2,33602	0,279423	652,570
100 ESP	25,3174	4,82169	1,22968	180,329	100	4,21252	0,503882	1 176,77
100 FRF	601,004	114,461	29,1911	4 280,79	2 373,88	100	11,9615	27 935,1
1 IEP	50,2448	9,56909	2,44041	357,880	198,459	8,36014	1	2 335,42
1000 ITL	21,5143	4,09738	1,04496	153,240	84,9781	3,57972	0,428189	1 000
100 NLG	1 833,47	349,183	89,0525	13 059,3	7 241,93	305,068	36,4907	85 221,1
100 PTE	20,1613	3,83970	0,979242	143,603	79,6339	3,35460	0,401261	937,111
1 GBP	51,8568	9,87610	2,51871	369,361	204,826	8,62836	1,03208	2 410,34
100 NOK	474,757	90,4171	23,0592	3 381,56	1 875,22	78,9939	9,44887	22 067,1
100 SEK	443,538	84,4715	21,5428	3 159,19	1 751,91	73,7994	8,82753	20 616,0
100 FIM	636,914	121,300	30,9352	4 536,56	2 515,71	105,975	12,6762	29 604,3
100 ATS	292,681	55,7410	14,2157	2 084,69	1 156,05	48,6987	5,82510	13 604,1
100 ISK	48,4948	9,23581	2,35542	345,415	191,547	8,06896	0,965171	2 254,08

  

	Amsterdam (NLG)	Lissabon (PTE)	London (GBP)	Ósló (NOK)	Stokkhólmur (SEK)	Helsinki (FIM)	Vín (ATS)	Reykjavík (ISK)
100 BEF	5,45414	496,001	1,92839	21,0634	22,5460	15,7007	34,1669	206,208
100 DKK	28,6383	2 604,37	10,1255	110,599	118,383	82,4403	179,401	1 082,74
100 DEM	112,293	10 212,0	39,7029	433,667	464,192	323,256	703,449	4 245,53
100 GRD	0,765738	69,6364	0,270737	2,95722	3,16536	2,20431	4,79688	28,9507
100 ESP	1,38085	125,575	0,488218	5,33272	5,70807	3,97502	8,65017	52,2065
100 FRF	32,7796	2 980,98	11,5897	126,592	135,502	94,3619	205,344	1 239,32
1 IEP	2,74042	249,215	0,968915	10,5833	11,3282	7,88879	17,1671	103,609
1 000 ITL	1,17342	106,711	0,414879	4,53164	4,85061	3,37789	7,35075	44,3641
100 NLG	100	9 094,02	35,3564	386,192	413,374	287,868	626,439	3 780,75
100 PTE	1,09962	100	0,388787	4,24665	4,54556	3,16546	6,88847	41,5741
1 GBP	2,82834	257,210	1	10,9228	11,6916	8,14188	17,7178	106,933
100 NOK	25,8939	2 354,80	9,15515	100	107,039	74,5401	162,209	978,984
100 SEK	24,1912	2 199,95	8,55312	93,4242	100	69,6385	151,543	914,608
100 FIM	34,7382	3 159,10	12,2822	134,156	143,599	100	217,614	1 313,37
100 ATS	15,9632	1 451,70	5,64403	61,6487	65,9879	45,9530	100	603,531
100 ISK	2,64497	240,535	0,935168	10,2147	10,9336	7,61403	16,5692	100

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram****94/EES/13/16****(Mál nr. IV/M.418 Tractebel/Distrigaz)**

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

1. Framkvæmdastjórninni barst 30.5.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem Tractebel S.A., sem lýtur yfirláðum Compagnie de Suez S.A. í gegnum Société Générale de Belgique, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirláð yfir Distrigaz S.A. með því að kaupa hlutabréf, sem áður voru í eigu belgíska ríkisins, í báðum fyrirtækjunum í gegnum Société Nationale d'Investissement (SNI).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Tractebel: orkuframleiðsla og -veita, kapalsjónvarp, fasteignir, verkfræðistarfsemi, o.s.frv.
  - Distrigaz: sér Belgíu fyrir jarðgasi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB (Stjtið. EB nr. C 157, 8.6.1994). Unnt er að senda athugasemdirnar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32/2/296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M. 418 - Tractebel/Distrigaz, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

ÍSLENSK ÚTGÁFA

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram****94/EES/13/17****(Mál nr. IV/M.466 Tractebel/Synatom)**

## REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

1. Framkvæmdastjórninni barst 30.5.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem Tractebel S.A., sem lýtur yfirráðum Compagnie de Suez S.A. í gegnum Société Générale de Belgique, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir Synatom S.A. með því að kaupa hlutabréf, sem áður voru í eigu belgíska ríkisins, í báðum fyrirtækjunum í gegnum Société Nationale d'Investissement (SNI).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Tractebel: orkuframleiðsla og -veita, kapalsjónvarp, fasteignir, verkfræðistarfsemi, o.s.frv.
  - Synatom: sér belgískum raforkuframleiðendum fyrir úrani.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB (Stjtið. EB nr. C 157, 8.6.1994). Unnt er að senda athugasemdirnar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32/2/296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M. 466 - Tractebel/Synatom, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

## Reglur um upplýsingaskipti - tæknilegar reglugerðir

94/EES/12/09

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtið. EB nr. L 109, 26.4.1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtið. EB nr. L 81, 26.3.1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem hafa borist framkvæmdastjórninni.

Tilvísun (*)	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils (*)
94-0080-D	Tæknileg reglugerð BAPT 223 ZV 8 um viðurkenningu á ISDN-notendabúnaði til að skipta yfir í ISDN-fyrsta stigs fjöl-rásatengingar í EURO-ISDN í fjarskipta-deild þýsku póst- og símamálastofnunarinnar, atriði varðandi lag 2 til lag 3 í DSSI-samskiptareglum fyrir D-rás	1.7.1994
94-0082-NL	Drög að reglugerð um eftirlitskerfi fyrir margnota plastflöskur	6.7.1994
94-0083-D	Reglugerð BAPT 222 ZV 24 um viðurkenningu á viðtækjum sem notuð eru í þráðlausu ERMES-boðþjónustunni	12.7.1994
94-0084-D	Viðurkenningarforskrift BAPT 225 ZV 1-3-2037 fyrir þráðlausan leiðbeiningarbúnað fyrir ölkuskóla til að nota við kennslu í vélhjólakstri	12.7.1994
94-0085-F	Drög að fyrirmælum um einkenni og skilyrði fyrir notkun hjólbarða vélknúinna ökutækja og efturvagna þeirra	12.7.1994
94-0086-I	Umburðarbréf nr. 152 - Aðferðir við beitingu reglugerðar (EBE) nr. 1722 frá 30.6.93 sem birtist í Stjtið. EB nr. 152 frá 1. júlí 1993	16.7.1994
94-0087-UK	Deildarstaðall BD 33-94 „þenslusamskeyti til notkunar á þjóðvegarrúarflötum“ (DOT REF: EPP 007-94-EB)	20.7.1994
94-0088-UK	Deildarbréf BA 26-94 „þenslusamskeyti til notkunar á þjóðvegarrúarflötum“ (DOT REF: EPP 008-94-EB)	20.7.1994
94-0089-UK	Deildarstaðall BD 41-94 „járnbentir stuðningsveggir úr múrsteini búnir járnbendingu í lóðréttum hólum rásam (pocket-type) eða í steypu holrými milli tveggja aðskildra flata (grouted-cavity type). Notkun BS 5628 2. hluti“. (DOT REF: EPP 015-89-EB)	20.7.1994
(*) (*)		

(1) Ár - skráningarnúmer - upprunaríki.

(2) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(3) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(4) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.



Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjórn. EB nr. C 245, 1.10.1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EEB án þess að senda drög til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. mars 1989 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. maí 1994.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram****94/EES/12/10****(Mál nr. IV/M.443 - Voith/Sulzer)**

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

1. Framkvæmdastjórninni barst 26.5.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 (\*) þar sem fyrirtækin J.M. Voith GmbH og Sulzer AG öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Voith-Sulzer Papiertechnik GmbH með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem myndar félag um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - J.M. Voith GmbH: framleiðsla véla til pappírsgerðar og trjákvöðuvinnslutækni, vatnshverflar, skipsvélar, knúningstækni.
  - Sulzer AG: yfirborðstækni, lyfjatækni, spunavélar, dælur, hverfilvélbúnaður, vökvabúnaður, byggingartækni, umhverfistækni, efnisflæði.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttö. EB (Stjttö. EB nr. C 151, 2.6.1994). Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32/2/296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/ M.443 - Voith/Sulzer, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels.

(\*) Stjttö. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjttö. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

ÍSLENSK ÚTGÁFA